



MANNVIT

Minnisblað

Tilv.: 1.161.236

16. september 2016

Garðabær

Eysteinn Haraldsson, Guðjón E. Friðriksson

Efni: Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2016 – 2019, niðurstöður eftir opnun tilboða

Tilboð voru opnuð þriðjudaginn 13. september 2016 á skrifstofu Mannvits hf. við Urðarhvarf 2, 203 Kópavogi. Eftirfarandi tilboð bárust í verkið „Vetrarþjónusta göngi- og hjólaleiða í Garðabæ 2016-2019“.

	Eftirfarandi tilboð bárust	Tilboðsupphæð við opnun	Hlutf. af kostn.áætlun	Tilboðsupphæð eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætlun
1	Garðlist ehf.	kr. 19.173.000	60,9%	19.356.000	61,4%
2	Hreinsitækni ehf.	kr. 35.760.000	113,5%	35.779.200	113,6%
	Kostnaðaráætlun	kr. 31.500.000	100,0%	31.500.000	100,0%

Eins og lesa má úr töflunni hér að ofan er tilboð Garðlistar ehf. upp á 19.356.000 kr. lægst eða 61,4% af kostnaðaráætlun sem áætluð var 31.500.000 kr.

Yfirferð á tilboði lægstbjóðanda

Bjóðandi skilar með tilboði sínu öllum umbeðnum fylgigögnum skv. grein 0.4.2 útboðsgagna. Um er að ræða eftirfarandi fylgigögn:

- Lýsing á gæðastjórnunarkerfi bjóðanda, sbr. grein 2.4.7 í ÍST 30.
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði / lífeyrissjóðum um að bjóðandi sé í skilum með eigin lífeyrissjóðsigjöld og/eða lífeyrissjóðsigjöld vegna starfsmanna.
- Almennar upplýsingar um bjóðanda, svo sem fyrirtæki hans og starfslið.
- Skrá yfir helstu stjórnendur og starfsmenn, svo sem yfirstjórnanda og yfirverkstjóra og upplýsingar um þá.
- Skrá yfir helstu verk og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.
- Skrá yfir helstu tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota við verkið.
- Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins.

Bjóðandi uppfyllir kröfur sem gerðar eru til hæfni og reynslu í grein 0.1.3 í útboðsgögnum. Stjórnandi og starfsmenn hafa viðtæka reynslu af vetrarþjónustu og sinnt slíkri þjónustu fyrir Reykjavíkurborg sl. ár.

Bjóðandi hefur yfir nægjanlegum tækjafjölda að ráða en skv. grein 1.0.6.1 í útboðsgögnum er gerð krafa um tvö viðverutæki og eitt viðbótartæki, fullbúnum til vetrarþjónustu með snjótönn og salt-/sanddreifara. Bjóðandi býður eftirfarandi tæki til verksins:

- John Deere (árgerð 2006) með áföstum sanddreifara og snjótönn.
- John Deere (árgerð 2007) með áföstum sanddreifara og snjótönn.
- Fendt F Vario 200 (árgerð 2017) með áföstum sanddreifara og snjótönn.
- Fendt F Vario 200 (árgerð 2014) með áföstum sanddreifara og snjótönn.
- Fendt F Vario 200 (árgerð 2009) með áföstum sanddreifara og snjótönn.

Bjóðandi er í skilum með opinber gjöld skv. fylgiskjali, dags. 06.09.2016.

Bjóðandi er í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld skv. fylgiskjali, dags. 05.09.2016 og 06.09.2016.

Að framansögðu leggur undirritaður til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Garðlist ehf., um verkið „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Garðabæ 2016-2019“.

Virðingarfyllt

Sigurður Guðjón Jónsson